

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar

1.

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru samruni Dimmalimm – Íslensku myndlýsingarverðlaunanna og Barnabókaverðlauna skóla- og frístundaráðs. Þau eru veitt höfundum og þýðendum barna- og ungmennabóka fyrir metnaðarfullt starf. Verðlaunað er ár hvert fyrir 1) frumsamda íslenska barnabók, 2) íslenska þýðingu á barnabók og 3) myndlýsingar í íslenskri barnabók.

2.

Verðlaunin eru veitt árlega að vori, fyrir útgáfu liðins árs. Verðlaunaféð er greitt af Reykjavíkurborg og er upphæð þess samkvæmt ákvörðun menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð til eins árs í senn af menningar- íþróttá- og tómstundaráði. Hana skipa þrjú fulltrúar. Einn samkvæmt tilskipun Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, annar samkvæmt tilskipun Rithöfundasambands Íslands og þriðji samkvæmt tilskipun Fyrirmyndar – félags myndhöfunda á Íslandi. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO skipar formann. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Allar útgefnar barnabækur ársins eftir íslenska höfunda eða þýddar á íslensku og myndlýstar af íslenskum myndhöfundum eru gjaldgengar til verðlaunanna. Útgefendur senda 3 eintök af hverjum tilnefndum titli til skrifstofu Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO.